



Alþingi
Erindi nr. P 136/281
komudagur 2.12.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

27. nóvember 2008

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnum barnameningarhúss
136. löggjafarþing 2008-2009. Þskj. 24 – 24. mál

Hugmynd þessu skyld hefur verið lengi til umræðu hjá félaginu og þá einkum stofnun barnabókastofu sem hefði það að meginmarkmiði að **sinna kennslu og rannsóknum á íslenskum barnabókmenntum**. Út frá sjónarmiði bókasafna er brýnt að til staðar sé stofa sem getur samhæft þau fjölbreyttu verkefni sem tengjast lestri og kynningu/kennslu í íslenskum barnabókmenntum og gæti jafnframt sinnt tengslum við alþjóðlegar systurstofnanir. Þessar stofur eru ýmist hýstar í Þjóðbókasöfnum (sbr. Noreg) eða í Kennaraháskólum (sbr. Danmörku).

Viðbrögð Upplýsingar við þessari þingsályktunartillögu eru að fagna henni og jafnframt viljum við leggja fram þá hugmynd að **barnabókastofa yrði sett upp á Akureyri og tengd nafni Nonna – Jóns Sveinssonar**. Það eru margar ástæður fyrir þessari tillögu.

1. Á Akureyri eru allar íslenskar barnabækur til á Amtsbókasafninu þar sem safnið er skilaskyldusafn og fær þar af leiðandi allt efni sem gefið er út á Íslandi, þar með talið allar hljómplötur sem gefnar eru út fyrir börn.
2. Á Akureyri er sterk kennaramenntunardeild við Háskólann þar sem fram fer kennsla í barnabókmenntum. Í kennaraliðinu er jafnframt barnabókahöfundur.
3. Á Akureyri eru stundaðar rannsóknir á lestri.
4. Á Akureyri er Nonnahús og Akureyrarbær hefur tekið að sér rekstur Nonnahúss af Zonta-konum sem annast hafa rekstur þess til margra ára.

Forsendur fyrir stofnun slíkrar barnabókastofu eru því til staðar á Akureyri. Slík stofnun gæti orðið samstarfsverkefni nokkurra stofnana á Akureyri og gætu jafnframt sameinað marga nauðsynlega þætti málsins, eflt lestrarmenningu, einkum ungmenna, styrkt rannsóknir og kennslu í barnabókmenntum og tengt þessa þjónustu nafni Nonna, frægasta barnabókahöfundar sem Ísland hefur átt. Sérfræðipækkingin og grunnurinn er öll til staðar á Akureyri og því mætti setja á stofn litla barnabókastofu með því að tengja saman alla þessa þætti. Slík barnabókastofa væri fyrsti vísirinn að barnameningarhúsi sem gæti orðið að veruleika þegar fram í sækir.

Virðingarfyllst

Sigrún Klara Hannesdóttir, formaður

Upplýsingar. Félags bókasafns- og upplýsingafræða